

GJALDSKRÁ

11
16. febr.

fyrir

eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Iðnrekendur skulu greiða gjöld til ríkissjóðs, fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum, eins og hér segir:

a) Eimkatlar.

Fyrir hvern eftirlitsskyldan eimketil, sem hefir meira en 30 m² hitaflöt ber að greiða árlega kr. 120.00.

Fyrir hvern eftirlitsskyldan eimketil, sem hefir frá 20 til 30 m² hitaflöt, ber að greiða árlega kr. 90.00.

Fyrir hvern eftirlitsskyldan eimketil, sem hefir minna en 12 m² hitaflöt, ber að greiða árlega kr. 75.00.

Fyrir hvern eimketil í brauðgerðarhúsum ber að greiða árlega kr. 25.00.

Fyrir hvern suðuketil og reykhitaraforketil ber að greiða árlega kr. 50.00.

Sama gjald ber einnig að greiða fyrir yfirhitara sé ekki hægt að taka þá úr sambandi við ketilinn.

b. Aflvélar.

Fyrir hvert hestafl	eimvélar	greiðist	árlega	kr.	2.00
— — —	hreifils	—	—	—	2.00
— — —	rafhreifils	—	—	—	1.50
— — —	vatnshjóls	—	—	—	1.50
— — —	vindvélar	—	—	—	2.00

c. Vinnuvélar.

Fyrir hverja algenga vinnuvél í málmiðnaðarverksmiðjum greiðist árlega kr. 5.00.

Fyrir hverja algenga vinnuvél í tréiðnaðarverksmiðjum greiðist árlega kr. 6.00.

Fyrir hverja algenga vinnuvél í bókbandsstofum greiðist árlega kr. 2.50.

Fyrir hverja algenga vinnuvél í prentsmiðjum greiðist árlega kr. 10.00.

Fyrir hverja algenga vinnuvél í ullarverksmiðjum greiðist árlega kr. 12.00.

Fyrir hverja algenga vinnuvél í fiskimjölsverksmiðjum og síldarverksmiðjum greiðist árlega kr. 10.00.

Fyrir hverja aðra vinnuvél greiðist hlutfallslega við ofangreindar vélar, eftir því hve margbrotin og stór vélin er, frá kr. 2.50 til 12.00.

11

16. febr.

d. Lyftur.

Fyrir hverja fólkslyftu ber að greiða árlega kr. 25.00
 — — vörulyftu — — — — — 20.00

e. Frystivélur.

Fyrir hverja frystivél sem notar allt að 4 hestöfl greiðist kr. 10.00
 — — — — — frá 4 til 20 hö. — — 25.00
 — — — — — meira en 20 hö. — — 40.00

f. Vinnustofur án véla.

Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem: sauma-
 stofur, þvottahús, blikksmiðjur, netjagerðarstofur, seglasaumastofur o.
 s. frv. greiðist 20 aurar fyrir hvern fermetra gólfflatar.

Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að
 staðaldri, svo sem: fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist árlega 7
 aurar fyrir hvern fermetra gólfflatar.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí
 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atrvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

12

4. marz

REGLUGJÖRÐ**um****hundahald í Neskaupstað.****1. gr.**

Allt hundahald í Neskaupstað er bannað að öðru leyti en 2. gr.
 heimilar.

2. gr.

Stærstu fjáreigendur bæjarins geta fengið leyfi bæjarstjórnar
 til að hafa í sameiningu nauðsynlega smalahunda, þó svo, að aldrei
 verði fleiri en sex hundar alls í kaupstaðnum.